

SAMÞYKKT

um breytingar á samþykkt um hundahald í Reykjavík nr. 52/2002.

1. gr.

Á eftir 6. gr. bætist við ný grein, 6. gr. a, sem hljóði svo:

Til hundaræktunar telst starfsemi þar sem sex eða fleiri dýr, eru haldin til undaneldis og ætlunin er að hafa áfram til undaneldis sbr. reglugerð um dýrahald í atvinnuskyni, nr. 1077/2004.

Heimilt er að skrá hunda sem undaneldishunda við hundarækt og eru þeir undanþegnir eftirlitsgjöldum sbr. 12. gr.

Hunda sem skráðir eru sem undaneldishundar við hundarækt er óheimilt að flytja frá athafnasvæði hundaræktunarstöðvar og skal haldið þar og mega aldrei ganga lausir né á meðal almennings. Heimilt er Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur að veita undanþágu frá ákvæði þessu ef ætlunin er að sýna hundana á viðurkenndum hundasýningum, enda framvísi ræktandi tryggingu váttryggingafélags fyrir því tjóni sem hundur kann að valda þriðja manni.

Undaneldishundar skulu bera hálsól með merkiplötu sem greinir þá frá öðrum hundum. Að öðru leyti gilda ákvæði 1. mgr. 9. gr. um hundaskrá.

Undaneldishundar skulu örmerktir samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðalskráráðsins (ISO 11784 eða 11785). Skylt er að ormahreinsa undaneldishunda á hverju ári. Vottorð dýralækna um ormahreinsun skal skilað til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir 31. desember ár hvert.

Hundar sem ræktaðir eru hjá hundarækt til sölu skal skrá þegar þeir ná fjögurra mánaða aldri. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur fjölda þeirra í mars, júní, september og desember ár hvert svo og hverjum þeir voru seldir eða önnur afdrif þeirra.

Óheimilt er að selja hunda frá hundaræktunarstöð, nema kaupandi framvísi lögmætri skráningu á hundinum á lögheimili sínu eða samþykki sveitarstjórnar þar sem hundar eru ekki skráningarskyldir. Skylt er að ormahreinsa hunda og örmerkja samkvæmt stöðlum Alþjóðastaðlaskráráðsins (ISO 11784 eða 11785) áður en þeir eru afhentir kaupanda.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur er heimilt að telja fjölda hunda á hundarækt til að sannreyna fjölda undaneldishunda og hunda sem ræktaðir eru til sölu.

2. gr.

Á eftir 3. mgr. 12. gr. komi ný málsgrein, 4. mgr. sem hljóði svo:

Af undaneldishundum skal ekki greiða árlegt eftirlitsgjald.

3. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 26. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.